

LÖG

um köfun.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Markmið o.fl.

1. gr.

Markmið.

Markmið laga þessara er að stuðla að auknu öryggi við köfun.

2. gr.

Gildissvið.

Lög þessi gilda um köfun á íslensku yfirráðasvæði og landgrunni Íslands, eins og það er skilgreint í lögum um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn, þar á meðal frá hafstöðvum, og um köfun sem fer fram frá skipi skráðu á Íslandi.

Lög þessi gilda ekki um köfun í atvinnuskyni sem fram fer frá erlendu skipi vegna köfunar við eigið skip eða um köfun sem fram fer í tengslum við öryggisgæslu á hafinu í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands, samninga við önnur ríki og ákvæði laga.

3. gr.

Orðskýringar.

Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- Köfun:* Þær athafnir manna sem fara fram í yfirborði og/eða undir yfirborði vatns eða sjávar og þar sem notast er við búnað sem gerir mönnum kleift að kafa.
- Köfun í atvinnuskyni:* Allar athafnir sem teljast til köfunar eða eru í beinum tengslum við köfun og sem falla undir og eru liður í atvinnustarfsemi kafarans eða annarra tengdra aðila. Undir þetta fellur iðnaðarköfun, leiðsöguköfun og köfun vegna vísindalegra rannsóknna. Einnig telst það vera köfun í atvinnuskyni ef athöfnin er liður í skipulagðri þjónustustarfsemi til verndar almannahagsmunum, svo sem leitar- og björgunarköfun. Um sjálfboðaliða, sem þiggja ekki laun fyrir störf sín, gilda reglur sem samtök þeirra setja og ráðherra hefur samþykkt.
- Ahugaköfun:* Allar þær athafnir sem teljast til köfunar samkvæmt lögum þessum en teljast ekki til köfunar í atvinnuskyni.
- Atvinnukafari:* Handhafi skírteinis til köfunar í atvinnuskyni sem gefið er út samkvæmt lögum þessum.

